

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, verslunar- og þjónustusvæði V32, efnistökusvæði N38 og vatnsvernd, Orustustaðir.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 6. janúar 2015 breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 15. desember 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 6. nóvember 2014.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði er breytt í 15 ha verslunar- og þjónustusvæði V32 þar sem gert er ráð fyrir um 7.000 m² hóteli á tveimur hæðum. Aðkoma verður um veg vestan Orustustaða. Jafnframt verður til 0,5 ha efnistökusvæði N38 og brunn-, grann- og fjarsvæði vatnsverndar.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. janúar 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.